



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3103
komudagur 13.8.2008

Reykholti, 13. ágúst 2008
0803016 VV

Efni: Umsögn um drög að nefndarálitum umhverfisnefndar Alþingis.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí 2008, þar sem umsagnaraðilum um frumvarp til skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um breytingu á lögum um brunavarnir er gefinn kostur á að gefa umsögn um fyrirbyggjandi nefndarálit.

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 12. maí 2008 og var eftirfarandi bókun gerð við afgreiðslu þess:

Bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí 2008; ósk um umsagnir.
Lögð fram drög að nefndarálitum um; frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.

Fyrirliggjandi nefndarálit um frumvarp til skipulagslaga tekur einungis að litlu leyti til þeirra athugasemda sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar sendi frá sér í apríl s.l. Kemur fram í nefndarálitinu að þau atriði frumvarpsins sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerði athugasemdir við verði að ræða betur og ná meiri sátt um. Þess vegna sé ekki tekið á þeim þáttum frumvarpsins í þessu álit. Byggðaráð, f.h. sveitarstjórnar, vísar til fyrri athugasemda við umrætt frumvarp og er sveitarstjórn jafnframt reiðubúin til frekari viðræðna um þau atriði. Byggðaráð vill ítreka afstöðu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, sem send var umhverfisnefnd Alþingis þann 9. apríl 2008, en þær eru það alvarlegar og djúpstæðar að sveitarstjórn Bláskógabyggðar getur ekki annað en hafnað alfarið framkomnu frumvarpi að óbreyttu.

Hvað varðar fyrirbyggjandi nefndarálit um frumvarp til laga um mannvirki, þá hefur verið komið til móts við athugasemdir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að verulegu leyti, og lýsir byggðaráð Bláskógabyggðar yfir ánægju sinni með þá afstöðu umhverfisnefndar Alþingis. Þó er athugasemdum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar við 4. kafla frumvarpsins ekki að fullu svarað. Þær athugasemdir varða hlutverk Byggingarstofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa og þar af leiðandi bein inngrip í stjórnsýslu sveitarfélaga. Vill byggðaráð Bláskógabyggðar ítreka þessar athugasemdir sínar sem sendar voru umhverfisnefnd Alþingis þann 9. apríl 2008.



Þessi afgreiðsla og afstaða byggðaráðs Bláskógabyggðar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

sveitarstjóri Bláskógabyggðar